17. Lyklafell. Sögusögn um uppruna þessa nafns, tekin eftir Ólafi "stóra" er var á Hjalla nálægt 1885.

---

1 blað qto.

# Lyklafell.

2

Skiftar skodanir eru um þad, hvort fell þetta, sem er sunnan undir Mosfellsheidi og nordanvert vid Fóelluvötn, heiti Litlafell eda Lyklafell. Sídara nafnid er þó algengara og er talid draga nafn sitt af því, ad bryti nokkur frá Skálholti hafi strokid þadan, farid um skard þad austan undir Vífilsfelli, er sídan hafi verid kent vid nafn hans og nefnt Ólafsskard.

Ólafur þessi, Skálholtsbryti, á svo ad hafa náttad sig í Lyklafelli, en týnt þar búrlyklinum sínum frá Skálholti og eigi fundid sídan

Sögn þessari fylgir og þad, ad Ólafur bryti hafi ekki einungis farid med búrlyklana eda lyklana frá Skálholti, heldur og geitur nokkrar og dvalid med þær hjá Geitafelli ádur en lengra var haldid, hafi þá sorfid svo sultur ad honum ad hann hafi ordid ad lóga geitunum, en ekki haft til þess önnur áhöld en meitla tvo, er hann hafi meitlad þær í sundur med í sydri og efri Meitli. Þadan séu því nöfnin komin Geitafell, sydri og efri Meitill, en austan undir þeim eru hverar nokkrir og í þeim átti Ólafur ad hafa matreitt geitakjötid fyrir sig, en búid í Lambafelli (vestan Meitlanna) og tekid þar lömb nokkur, er geitakjötid var uppétid.

(Sögusögn þessi er tekin eftir Ólafi nokkrum (Ólafi „stóra") er var á Hjalla, nál. 1885. J.P.)